

042/01 - Aron PH 105

Aron PH 105, skipverji slasast þegar verið var að hífa inn veiðarfæri

Aron PH 105

Skipaskr.nr.: 2333

Smíðaður: Strandby, Danmörku 1989 Stál

Stærð: 127,00 brl; 211,00 bt

Lengd: 25,45 m **Breidd:** 7,00 m **Dýpt:** 5,90 m

Vél: Caterpillar 675,00 kW **Ágerð:** 1989

Annað:

Földi skipverja: 8



Atvikalýsing

Þann 06. mars 2000 var Aron PH 105 á togveiðum á Skaftárdýpi. Veður: Hæg breytileg átt, sjólítið.

Verið var að taka afla úr tveimur trollum og var skipstjóri að hífa seinni belginn inn á trommlu afturá. Verið var að þurrka aflann niður í pokann til að getað slegið á hann til hífingar um borð. Skipverji sem var staðsettur á afturskipi og átti að setja ásláttarstroffu á pokann var byrjaður á þeirri aðgerð þegar híft var í trollið. Varð skipverjinn með hendina á milli afturgafls og skips með þeim afleiðingum að hann handleggbsrotnaði.

Við rannsókn kom fram

- að híft var í belginn áður en búið var að koma ásláttarstroffu á hann;
- að ekki var um að ræða ákveðið vinnulag hvort slegið var á pokann fyrir utan gafli;
- að bæði trollin voru hífð í einu en síðan gengið frá þeim í sitthvoru lagi inn á þilfarið;
- að ekki var ákveðin merkjagjöf á milli þess sem stjórnaði spili og skipverja með ásláttarstroffu;
- að híft var áður en hinn slasaði hafði náð að setja stroffuna á en stjórnandi spilsins bar því við að hinn slasaði hafi verið of fljótur til.

Nefndarálit

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að stjórnanndi spilsins hafi ekki gengið úr skugga um að í lagi hafi verið að hífa og að hann hafi fengið merki um að svo væri. Nefndin vill áminna stjórnendur vindu að huga ávallt vel að því að óhætt sé að hífa og gætt sé að öryggi þeirra skipverja sem við verkið eru.